


FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



Akrópólis.

"Háborg hét hjá hinum fornu Grikkjum, þar sem helzt var leitað sambands við guðina. Var slíkra staða frægust, háborg Aþenumanna, þar sem talið er að grísk byggingarlist hafi náð hámarki."

Þónýall.

EFNI	Bls.
Reikningar	2
Á þessu ári, Þ.J.	3
Messíasar-hugmyndin, Þ.G.	6
Fundargerð aðalfundar	8
Yfirlit yfir starfsemi Félags Nýalssinna, árið 1968, I. A.	10
Fundargerð	13
Eftirmæli, Þ.J.	14
Lög Félags Nýalssinna	15

Útgefandi: Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson
Úlfsstöðum, Borgarfirði

REKSTRARREIKNINGUR pr. 31/12 1968

	Inn	Út
Sjóðreikningur	573.848,65	573.848,65
Bankareikn.	21.155,66	21.089,60
Félagsgjaldareikn.		46.500,00
" ævifélagar		82.010,00
Gjafa og áheitareikn.		9.795,55
Nýals-reikningur	350.920,19	43.760,00
Áhaldareikningur	8.916,00	
Inneign félagsmanna		537.000,00
Íslenzk-stefna	1.220,00	
Félagsblaðið	18.680,00	593,50
Vaxtareikningur		321,09
Kostnaðarreikningur	8.538,29	100,00
Húsaleigureikningur	23.040,00	
" kostnaðarreikn.	7.796,68	
Yfirfært til Stjörnusambandsstöðvar	477.000,00	
Höfuðstólsreikningur		176.097,08
	<u>1.491.115,47</u>	<u>1.491.115,47</u>
Sjóðreikningur	827.515,99	717.341,99
Bankareikningur	569.687,78	462.273,70
Gjafa og áheitareikningur		214.205,57
Vaxtareikningur		6.310,42
Yfirfært frá Félagi Nýalssinna		477.000,00
Álfhólsvegur 121, Kópavogi	763.340,10	
Byggingarsjóður Stjörnusamb. stöðvar		283.412,19
	<u>3.651.659,34</u>	<u>3.651.659,34</u>
Tap félagssjóðs		28.363,83
Ágóði byggingarsjóðs		697.515,99

E F N A H A G S R E I K N I N G U R pr. 31/12 1968.

	Eignir	Skuldir
Sjóðreikningur	66,06	
Bankareikningur	66,06	
Nýals-reikningur	307.160,19	
Áhaldareikningur	6.287,00	
Íslenzk-stefna	1.220,00	
Inneign félagsmanna		537.000,00
Stjörnusambandsstöðin	370.000,00	
Höfuðstólsreikningur		147.733,25
	<u>684.733,25</u>	<u>684.733,25</u>
Sjóðreikningur	110.174,00	
Bankareikningur	107.414,08	
Álfhólsvegur 121	763.340,10	
Byggingarsj. Stjörnusamb. st.		980.928,18
	<u>1.665.661,43</u>	<u>1.665.661,43</u>

Endurskoðendur :
 Halldór Halldórsson
 Elsa G. Vilmundardóttir

Sigurður F. Ólafsson
 gjaldkeri

A ÞESSU ÁRI.

Á þessu ári, 1969, verður hálf öld liðin frá útkomu fyrsta heftis Nýals, ritgerðarinnar "Hið mikla samband", sem þegar hefði mátt verða "upphaf meiri breytinga til batnaðar á högum mannkynsins en orðið hafa um allar aldir áður." Fjarri er mér að vilja vanmeta það, sem kom á eftir þessari ritgerð, annað og þriðja hefti Nýals og svo hin fimm bindi, sem komu út síðar, því að um sömu snilldina er þar að ræða auk ýmsra mikilsverðra viðbóta. En þó þykir mér sem ein þessi upphafsritgerð hefði mátt nægja til komu hinna góðu umskipta, því að þar er komið á þá braut skilnings og þekkingar, sem ekki gat verið horfið af aftur. Þegar í þessari ritgerð var örugglega komið á leiðina fram, þar sem einungis er um að ræða aðferð sólskinsins, sem yljár og leysir. "Ultra religionem, non contra", var letrað á titilblaði þessa byrjunarheftis.

Ég er ekki fjarri því, að ritgerð þessi og þá einkum Nýall í heild hafi þegar í upphafi vakið mikla athygli nokkuð margra og að ýmsir hafi þá þegar séð, að þar var verið að boða ný sannindi. Ég er ekki fjarri því, að um 1920 og fyrst þar á eftir kunni hér eitthvað hafa verið nálgast þau skilyrði, sem þurft hefði til hinnar góðu stefnubreytingar. En vegna þess, að slíkt varð þó ekki, snérust atburðirnir til hins verra. Aðdragandinn til hinnar síðari stórstyrjaldar fór að verða æ þungstreymari. Um tíma munu menn að vísu hafa fagnað friði eftir hina fyrri styrjöld. En sú hugarfarsspilling, sem hún leiddi af sér, læknaðist aldrei til fulls. Mér hefir stundum komið í hug, að drög til hinna nýölsku kenninga hefðu naumast getað skapast á öðrum tíma en þau sköpuðust á, og ber þó að muna það vel, að á þeim tíma var það ekki nema í huga eins manns, að þau náðu að koma fram. En hitt þykir mér þó ekki ólíklegt, að logn það milli styrjalda, sem segja má að ríkt hafi hér í Norðurálfu að mestu frá 1870 til 1912, hafi fremur en hitt gefið möguleika til þess. Einkum gæti þó verið um að ræða árin 1910 og 11, sem urðu í þessu efni úrslitaár og þó þannig, að ekki mátti tæpara standa. En þó að ekki tækist stefnubreytingin eftir 1920 og ekki heldur litlu fyrir 1940, þegar hin merka og furðulega spá kom fram um ljósið frá Íslandi og jafnvel þótt meira hafi jafnan dregið til hins verra en hins betra allan hinn síðasta aldarhelming, þá er ekki þar með sagt, að þessi ritgerð, sem út kom í byrjun hans, megi enn ekki verða "upphaf meiri breytinga til batnaðar á högum mannkynsins en orðið hafa um allar aldir áður". Þó að útkomu hennar muni nú að sjálfsögðu hvergi verða minnst, nema í þessu fátæklega riti Nýalssinna, og þó að hið íslenzka vísindafélag og hið íslenzka sálarrannsóknafélag hafi enga tilraun gert til að færa sér sannindi hennar í nyt, þá er nú eins og réttilega var talað um hér í síðasta hefti, sumt

að færast í átt til betri skilyrða en áður. Það er því ekki óhugsanlegt, að jafnvel á þessu ári geti skapast möguleikar til þess, sem ekki varð árin 1919, 20, 21 og 22, en þau ár kynnu skilyrðin að hafa verið einna skást. Auk þess að Nýall varð til og kom út á þeim árum, hófust þá hér á legg, þó að á rangstefnuleið færu síðar að nokkru, sumir þeir menn, sem frægastir hafa orðið í bókmenntum síðan, og kynni það að benda til einhverrar sérstakrar magnanar hér á þessum árum.

Hér á jörðu er nú um að ræða miklar framfarir í sumum greinum. Og þó að flestir eða allir framfaraávinningar verði hér, enn sem komið er, að auknum yfirvofandi voða, þá kunna þó sumir þeirra einnig að geta fært nýja og aukna möguleika til hins betra. Og fyrst framfarir eru hér, hví skyldi þá ekki vera um ýmsa nýja og aukna möguleika að ræða hjá hinum guðlegu íbúum annara stjarna, sem svo leitt gætu til þess, að hinum nauðsynlegu leiðréttingum yrði komið fram hér. Mér þykir vel hugsanlegt, að ýms þau tækifæri til stefnubreytinga, sem hér kynnu að hafa gefið á liðnum árum, en ekki nýttust þá, kunni nú vegna framfara guðanna að fara að verða nýtt með meiri árangri en áður. Hér gerist nú þegar sumt það, sem aldrei hefir gerzt áður, og mætti til þess nefna geimfaraafrekið síðasta, sem í sjálfu sér er ekki neinn úrslitaárangur, en hefir þó, eins og að hefir verið vikið, orðið til þess að beina hugum manna til stjarnanna meira en áður. Og hví skyldi þá ekki einnig hjá hinum lengra komnu gerast ýmislegt það, sem ekki hefði þar áður gerzt. Hver veit því, nema jafnframt geimfaraframförum hér, geti þar einnig átt sér stað einhverjar nýjar framfarir í þá átt að nýta einmitt þessar framfarir hér, svo að þeim fari að takast að verða þar þátttakendur. Það er vel hugsanlegt, eins og haldið hefir verið fram hér í blaðinu, að þessi tunglflug, sem heita má algjör nýung í afreka sögu jarðarbúa og hlotið hefir hina mestu athygli, geti skapað ný skilyrði lengra komnum íbúum annara jarða til þess af sinni hálfu að láta hér koma fram samskonar fyrirbæri í lofti. Að vísu er ástæða til að ætla, að fyrst í stað yrði þeim geimförum ekki auðveld landing hér. Til þess að fullkomin landing geti hér tekizt, verður að sjálfsögðu altaf ófrávíkjanleg nauðsyn að hjá einhverjum hópi manna verði réttum skilningi að mæta varðandi "hið mikla samband". Auk geimfaratækninnar, sem hér er þegar til móts ef til vill að nægjanlegu leyti, þarf hér hjá einhverjum hópi manna að vera fyrir hendi skilningur á því, sem verið er að leitast við að koma hér fram að handan, sem er það, að góðir gestir megi flytjast hingað um stundarsakir hamförum, og ekki einungis sem einhver ljós eða flugfarafyrirbæri, sem menn vita hér ekki hvað er, heldur sem mannlegir eða meira en mannlegir lifendur. Það væri nokkuð, sem óhjákvæmilega hlyti að leiða hér til mikilla tíðinda og góðra, ef einhverjir framliðnir menn og konur

héðan af jörðu yrðu hér slíkir gestir, og þá auðvitað ekki sem neinar vesalar vofur, sem litlu eða engu megnuðu að koma hér fram, heldur sem máttugir sendiboðar studdir af og til stuðnings því, sem bezt hefir hér verið vitað og hugsað til þessa. Og þó að enn hafi slíku ekki orðið framgengt þrátt fyrir kenningar Nýals og hinn litla vísi til fylgis við þær, þá kynni nú vegna framfara hinna lengra komnu sá vísir að fara að verða nægjanlegur til þess. En þótt vænta beri framfara hjá hinum framliðnu og lengra komnu íbúa annara jarðstjarna, þá þurfa einnig að eiga sér stað nokkrar framfarir hjá okkur Nýalssinum. Til þess að hin nauðsynlegu skilyrði verði hjá þeim fyrir hendi, þarf meðal þeirra vaxandi trú varðandi þetta, sem hér hefir verið dregið á, og næga þátttöku í þeim framkvæmdum, sem nú hefir verið ráðist í. Sambandsstöð er ástæða til að ætla, að sé eitt af hinum nauðsynlegu skilyrðum til móttöku hinna góðu gesta, og veltur því á miklu, að henni verði komið upp til fulls.

Það var sumarið 1921, að "Hið mikla samband" barst mér fyrst í hendur, og las ég það þá á slætti í hvíldartímum og aðeins lítið í hvert sinn. Má vera að sá lestur hafi tekið viku eða jafnvel meira, og las ég þó með vaxandi nautn. Varð lestur sá mér eins og sólaruppkoma eða aflétti þoku, og hefir mér æ síðan fundizt varðandi ævi mína sem um tvo hluta sé að ræða, ævihlutann á undan og ævihlutann á eftir. Og nú ætla ég hér að lokum að segja frá litlu atviki, sem gerðist rétt áður en þessi umskipti urðu hjá mér og ég hefi síðan litið á sem einhvers konar fyrirboða um önnur og stærri umskipti.

Í júlíbyrjun þetta sumar gerði margt manna víðsvegar af landinu ferð sína til Þingvalla vegna væntanlegrar komu konungs Íslands og Danmerkur þangað. Vorum við faðir minn meðal nokkurra annara úr nágrenni og þó víðar að, sem fórum þessa ferð, og var þá ekki hér um önnur farartæki að ræða en hesta. Var tjaldað við Sæluhússkvísl, og sváfu þeir þar, sem sofið gátu. Um morguninn, þegar lagt var þaðan af stað til ákvörðunarstaðar, var þoka, svo að lítið sást frá sér, og hamlaði það þó ekki ferðinni. En þegar komið var suður með Armannsfelli, var farið að ræða um, í hvaða átt vegurinn lægi. Voru flestir þeirrar meiningar, að hann lægi í suðaustur. En vegna þess að ég vissi betur, þó að aldrei hefði ég farið þarna, þá mælti ég á móti því, og varð um þetta talsverð þræta. Stóð ég þarna einn uppi móti nokkuð mörgum, þó að sumir legðu að vísu ekki til málanna, og voru meðal þeirra andmælenda einhverjir, sem töldu sig ekki vera alveg ókunnuga þarna, og bætti það ekki mína aðstöðu. En skyndilega, meðan á þrætunni stóð, brauzt sólin gegnum þokuna og sannaði mitt mál, og er rétt að geta þess, að allri þoku létti þá bráðlega af og úr varð hið fegursta veður.

Og þegar ég svo litlu síðar en þetta var hafði lesið hið "Mikla samband", fór ég að líta á þetta á þann hátt, sem ég sagði. Ég fór að láta mér detta í hug eins og ég hefi alltaf síðan gert, að ég ætti eftir að lifa það, að kenningar Nýals verði þegnar, og fer nú að draga að leikslokum mínum hér líkt og var í þessari fyrstu ferð minni til Þingvalla.

D. J.

MESSÍASAR-HUGMYNDIN.

Erindi flutt á aðalfundi Félags Nýalssinna 5.2. 1969.

"Glögglega sé ég fyrir mér, vegna réttlætis míns, Hann sem er Ahúra Mazda, höfundur góðhugs, góðra orða og góðra verka."

Þannig kvað Zarabústra fyrir 3000 árum, sá maður sem lengst hefur séð fram af spámönnum, því að hann spáði því þá að þrjúþúsund árum síðar mundi sá koma fram, sem bæta mundi mannkynið og endurnýja heim allan. Margir trúarbragðahöfundar eða mannkynsfræðarar sagði hann að koma mundu, en einn mundi mestur verða, og myndi hann finna ráðin sem dygðu. Þessi maður sagði hann að heita myndi Astavatereta, en ég þýði það:

As þá veit hið rétta

án þess þó að vilja ábyrgjast hvert atkvæði í þeirri þýðingu. En hitt er víst að mál Zarabústra, Avesta málið, er skylt íslenzku.

Spurning hlýtur að vakna um það hvernig þessi undraverði spá-dómur hafi náð að koma fram, og því fremur hljóta menn að spyrja, þar sem nú er einmitt komið að því að hann verður að rætast eða rætast ekki og þar sem nú er einmitt vitað það sem þarf til þess að hann geti rætt. Sá maður hefur þegar komið fram, sem vissi hið rétta, það sem allir þurfa að vita, og það sem allir munu einhvern tíma komast að raun um. En það sem við hljótum hér að spyrja um, er hvernig það mátti verða að fornmaðurinn Zarabústra vissi þetta fyrir svo löngu.

Auðvitað er það beinast í áttina að svari að gera ráð fyrir æðri vitsamböndum, og þá vafalaust við þennan sem hann lýsir í sýn sinni, og virðist hafa haft þrúfaldlega fyrir sjónum sér á sinni mikilfenglegu ævi. Fyrir réttlæti sitt, þ.e. fyrir rétta breytni tókst honum jafnan að endurnýja þessa sýn sína, en sambandsvit á háu stigi hefur honum veitt jafnframt. Sá hann fyrir framtíð mannkynsins á þann hátt að honum veittist vitneskja um gang sögunnar á öðrum jörðum, skyldum frumlífsjörðum, þar sem við

svipaða örðugleika var að etja og hér, og þar sem sótt var fram til hins sama sigurs og hér. Ríki Ahúra Mazda á að stofnast á jörðunni, segir Zarabústra, og hefur sú hugsjón hans síðan komið næsta víða við í stjórn mála- og trúmálahreyingum jarðarinnar. Og svo er talið, að hugsun Zarabústra hafi haft mikil og varanleg áhrif á trúarhugmyndir Gyðinga, um þær mundir sem Zarabústra-trúmaðurinn Kýros Persakonungur leysti þá úr haldi í Babýlon. Og sérstaklega mun það hafa verið eftirvæntingin um frelsara eða Messías, sem mótaðist af þeim áhrifum.

En þó að áhrif þessa boðskapar Zarabústra hafi verið mikil, þá væri ekki heldur rétt að einbinda Messíasarhugmyndina við þau. Samskonar hugmynd hefur komið upp með þjóðum, sem engin ástæða er til að ætla að orðið hafi fyrir áhrifum þaðan, eða jafnvel þeim sem engin skilyrði höfðu til að verða fyrir áhrifum þaðan, eins og til dæmis hjá Ameríku-þjóðum fyrir daga Kólumbusar. Leiðir það þá undireins hugann að þeim möguleika að samskonar hugmynd komi einnig upp á öðrum hnöttum, frumlífsjörðum þar sem líkt er ástatt og hér. Messíasarhugmyndin er líffræðilegt atriði eins og dr. Helgi Pjeturss bendir á. og stendur sú hugmynd í sambandi við þann möguleika að komið verði af helvegi. Um allan hinn óprotlega geim segir guð mönnum að unnt sé að breyta stefnunni, og leiðin til þess er að stofna til sambands við íbúa annarra hnatta. En í slíkum stöðum veit allur þorri manna ógjörla að þeir búa á einum hinna byggðu hnatta, og ennþá síður að allur veruleiki er bundinn við slíka hnetti.

Möguleikinn til stefnubreytingar er í því fölginn að einhver verði til að gera hina miklu uppgötvun. En eins og við þekkjum alveg nógu vel, þá hefur það ekki nægt sannleikanum til sigurs, að sannleikurinn væri fundinn. Mannsins sem íann hinn nauðsynlega þekkingarauka, missti við, áður en hann kæmi íram ætlunarverki sínu. Þar er það ætlunarverk sem stærra er en nokkurt annað. Og við sem hér erum, erum erfingjar þessa ætlunarverks. Verði það ekki á vegum þeirra sem kenna sig við Nýal, sem hjálpinni verður komið fram, þá er engrar framtíðar að vænta fyrir mannkyn þessarar jarðar. Þá er einskis að vænta hér á jörð. Í sannleika sagt, þá er okkur fengið í hendur Messíasar-hlutverk eða með öðrum orðum, Nýalskt hlutverk.

Þorsteinn Guðjónsson.

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR.

Aðalfundur Félags Nýalssinna var boðaður 5. febrúar 1969 á Hverfisgötu 21 kl. 21. Formaður, Ingvar Agnarsson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Flutti hann síðan yfirlit yfir starfsemi félagsins á árinu, og mun það erindi birtast í félagsblaðinu síðar.

Fundarstjóri, Kjartan Kjartansson, þakkaði Ingvari fyrir fróðlegt yfirlit og tilkynnti síðan næsta atriði á dagskrá. Var það sýning skuggamynda af stjörnum og stjörnuhverfum, og skýrði Ingvar Agnarsson hina stjörnufræðilegu þýðingu hverrar myndar, svo að ánægja og fróðleikur var að. Lauk hann máli sínu með því að minna á, að nú væri það orðin ríkjandi skoðun í stjörnufræði, sem jafnan blasti við út frá kenningu Nýals, að hver sól hljóti að hafa með sér reikistjörnur.

Fundarstjóri þakkaði ræðumanni fyrir fróðlegar skýringar, og lét í ljós, að þarna hefði ekki aðeins komið fram að heimurinn er býsna stór, heldur einnig hitt, sem mörgum væri ekki nægjanlega ljóst, að við hér á jörðu eigum nú þegar heima á himni. - Síðan tilkynnti fundarstjóri næsta atriði, erindi um Messíasarhugmyndina, sem Þorsteinn Guðjónsson flutti. Var þar rakið, hvernig hugmyndin um heimsumbótamann eða lausnara kemur fyrst fram hjá Zarabústra fyrir 3000 árum, og hvernig hana má taka sem forboða þess að breyta megi stefnunni, eftir þeim skilningi sem komið hefur fram hér á landi. - Þessu næst bauð fundarstjóri til umræðna um það sem flutt hafði verið. Hulda Valdimarsdóttir sagðist oft hugsa til æðri máttar, þegar hún þarfnaðist styrks, og væri sér þá oft í huga nafn Krists, jafnframt því sem sér yrði einnig hugsað til annarra lengra kominna vera. Sagðist hún gera ýmist um að beina bænum sínum, eftir því sem sér fyndist bezt hverju sinni og nefndi þá einhvern Helga magra í því sambandi. Jóhanna Erlingsson sagði að þessi máttur sem ævinlega væri fyrir hendi, máttur líforkunnar, væri það sem gæti sameinað, og tók undir það með Huldu, að sér þætti gott að biðjast fyrir. Fleiri lögðu orð í belg, og tók síðan til orða Þorsteinn Guðjónsson þakkaði þeim sem til máls höfðu tekið, og sagði að fátt væri nauðsynlegra en að fólk fengist til að láta uppi skoðanir sínar. Sagði hann erindi sitt hafa verið sögulegs efnis, og rakin upptök hugmynda, sem mikil áhrif hefur haft, og væri tilgangurinn sá að nota hugmyndir til þess að efla framgang hins Nýalska málefnis. Síðan bætti Þorsteinn því við, að hann sæi vel að fólk yrði að fylgja umhverfi sínu í einu og öðru. En að því er snerti þann skilning, að framlífið sé á öðrum hnöttum þá væri þar um að ræða algera nýjung í þekkingu hér á jörð, og kæmi þar þekking í trúar stað. Ekki á móti trúarbrögðunum heldur lengra komið, er kjörorð Nýals, eins og kunnugt er.

Eftir þessar umræður hófust aðalfundarstörf. Gjaldkeri, Sigurður Ólafsson las upp reikninga síðastliðins árs, sem samþykktir höfðu verið af endurskoðendum. Verða þeir birtir í félagsblaðinu. En þess má geta að sjóðsreikningur var sléttur um áramót, þannig að útgjöld og tekjur stóðust á. En svo mundi þó ekki hafa orðið, ef ekki hefði eins og fyrri ár notið framlaga Sigurðar Ólafssonar og Ingvars Agnarssonar til að jafna hallann, sem var þó mun minni í ár en undanfarin ár.

Reikningarnir voru síðan samþykktir athugasemdalaust með almennu lófataki. Færði fundarstjóri þakkir fyrir óeigingjarnt og vel unnið starf.

Þessu næst tilkynnti fundarstjóri tillögu um breytingar á nokkrum greinum í lögum félagsins; á annarri grein um tilgang félagsins, á 4. grein, staðfesting breytingar á árgjaldi félagsins, sem gerð var árið 1966, og á 7. grein, um skipun félagsstjórnar, og er þar bætt við stöðu varaformanns. Voru þessar breytingar samþykktar samhljóða. Félagslögin eins og þau eru nú, verða prentuð í félagsblaðinu, en eldri lög in standa í marzheftinu 1966 (misr. 1965 framan á).

Nú var komið að stjórnarkjöri, og tilkynnti fundarstjóri að formaður, Ingvar Agnarsson, bæðist undan endurkosningu, og staðfesti Ingvar það. Kvaðst fundarstjóri þá vilja leggja það til að Þorsteinn Guðjónsson yrði formaður, en stjórn yrði að öðru leyti hin sama og áður, og yrði Ingvar varaformaður hennar. Fundarstjóri bar þessa tillögu fram í einu lagi, og af því tilefni hafði Eyjólfur Kristjánsson orð á þeim muni sem er á bundinni og óbundinni kosningu, þannig að kosið sé sérstaklega í hverja stöðu fyrir sig. Var þá á það bent að í lögum segði að stjórn félagsins skipti með sér verkum. Fleiri athugasemdir komu ekki fram, og var tillaga fundarstjóra samþykkt samhljóða.

Stjórn félagsins er því þannig skipuð :

Þorsteinn Guðjónsson formaður, Ingvar Agnarsson varaformaður, Sigurður Ólafsson gjaldkeri, Sveinn Haraldsson ritari. Meðstjórnendur : Þorsteinn Jónsson og Sveinbjörn Þorsteinsson. Endurskoðendur : Halldór Halldórsson og Elsa Vilmundardóttir.

Að þessu loknu bað fundarstjóri hinn nýkjörna formann að segja nokkur orð til fundarmanna. Þorsteinn kvaðst vilja byrja á því að þakka fundarfólkinu það traust að kjósa sig til formanns, og lét þess jafnframt getið að tillaga fundarstjóra um það hefði verið gerð með ráðum fráfarandi stjórnar. Þorsteinn vék síðan með þakklæti að þeim orðum fundarstjóra, að hann, Þorsteinn, hefði lagt sig manna mest fram vegna málefnis Nýals,

en sagði að þegar minnst væri á óeigingjarnt starf, þá kæmi sér fyrst í hug starf fráfarandi formanns, sem nú yrði varaformaður. Jafnframt fór hann lofsamlegum orðum um starf Sigurðar Ólafssonar fyrr og síðar í þágu félagsins. Kvaðst hann hugsa gott til samstarfs við alla þá sem skipa hina nýju stjórn.

Fór Þorsteinn síðan nokkrum orðum um þær tafir, sem orðið hafa á framgangi hins mikla málefnis, og hve á það hefur skort að dr. Helgi Pjeturss hafi verið látinn njóta sannmælis fyrir unnin verk. Jafnvel í jarðfræðinni má telja til undantekninga, að hans sé að nokkru getið, og byggist þó þekkingin á Íslenzkri jarðsögu í öllum meginatriðum á verki hans.

- Það gæti virzt óárennilegt að ætla að fara að styðja málefni sem þannig er búið að, en þó mundi það takast, því að nú ætti mannkynið tvo kosti fyrir höndum, að aðhyllast þessa kenningu eða farast ella. Kraftur frá stjórnunum mun koma sem bjargar.

Mjög tóku menn vel undir mál Þorsteins Guðjónssonar. Guðrún Emilsdóttir fór nokkrum orðum um hið furðulega tómlæti margra gagnvart ritum dr. Helga og boðskap hans, og nefndi dæmi um það. Sagði hún að nálega kæmi að sér svartsýni stundum, þegar sér yrði hugsað til þessa máls, og fyndi hve þungt er fyrir. Hefur Guðrún oft reynt að vekja máls á þessum efnum, þegar færi gáfust.

Ingvar Agnarsson stóð upp og sagði sig langa til að segja fáein orð. Sagðist hann hafa verið formaður í fimm ár, og vilja nú þakka þeim, sem valið hefðu sig svo lengi í þá stöðu. Einnig þakkaði hann samstarf við aðra, og óskaði Þorsteini Guðjónssyni til hamingju. "Vil ég óska þess", sagði hann, "að hann beri gæfu til að leiða þetta mál fram til sigurs."

Fundarstjóri þakkaði Ingvari, og beindi síðan nokkrum orðum til nýkjörins formanns til að votta honum traust. Fundinn sátu 23 manns og var honum slitið á tólfta tímanum.

S. H.

YFIRLIT YFIR STARFSEMI FÉLAGS NÝALSSINNA, ÁRIÐ 1968.

Mig langar til að gera nokkra grein fyrir starfsemi Félags Nýalssinna á árinu 1968.

1. Tilraunastarfsemi: Ber þar fyrst að nefna sambands-tilraunir, sem farið hafa fram á vegum félagsins í húsnæði því, sem félagið hefur haft á leigu á Laugavegi 24. Hafa stöðugt verið

haldnir 2 tilraunafundir í viku hverri á mánudags- og fimmtudagskvöldum, með allmikilli þátttöku félagsmanna. Einnig hafa oftast verið haldnir fundir á laugardagseftirmiðdögum. Miðlar hafa verið Sveinn Haraldsson, Sigurður Ólafsson og Ásmundur Guðbjörnsson. Ýms fróðleikur hefur komið fram á fundunum frá sambandsvinum okkar á öðrum stjörnum. En e.t.v. er mikilvægust sú magnan, sem ýmsir fundargestir og einkum miðlarnir telja sig finna, og sem þeir telja að heldur sé aukning á, eftir því sem lengur líður.

Freistandi væri að geta um sitthvað, sem fram hefur komið. Ýmsir kunnir menn og ýmsir vinir og vandamenn fundargesta hafa látið til sín heyra. Má þar fyrstan nefna Helga Pjeturss, en hann hefur verið aðalstjórnandi fundanna frá upphafi. Hefur hann sagt okkur ýmsan fróðleik frá sínum hnetti og frá stjörnusambandsstöð þeirri, sem hann starfar við.

Samband hefur verið við ýmsa menn á mörgum hnöttum innan okkar vetrarbrautar. Einnig hefur á hverjum fundi náðst samband við verur í öðrum vetrarbrautum, sem segjast vera komnar mjög langt í þroska og guðlegri fullkomnun. Svo virðist, sem flest samböndin fari fram, um stjörnusambandsstöðvar, á hinum ýmsu hnöttum, sem sambönd hafa náðst við. Er svo að skilja, að stjörnusambandsstöðvar þessara hnatta séu hinar veglegustu byggingar. Virðast íbúar þessara hnatta, leggja hina mestu áherzlu á sambönd við aðra hnetti. Oft kemur fram meðan á fundum okkar stendur, að sambandsvinir okkar fá heimsóknir frá öðrum hnöttum í stjörnusambandsstöð sína, meðan á fundum okkar stendur. Og gefa þeir okkur þá stundum sambönd við hina nýkomnu gesti, sem tala þá fyrir munn einhvers af miðlum okkar Sérkennandi mun það vera fyrir tilraunafundi okkar, að þar er ætíð um bein persónuleg viðtöl að ræða. Hver viðmælandi talar ávallt sjálfur, eða mælir af munn miðilsins. Þar er ekki um að ræða skilaboð eða lýsingar einhvers milliliðs, eins og oftast mun eiga sér stað á fundum annara miðla. Annað, sem einnig sérkennir fundi okkar er það að miðlar eru fleiri en einn. Eru þeir allir í miðilsástandi samtímis, en aðeins einn þeirra talar í einu.

Sambandsvinir hvetja fundargesti mjög til þolinmæði þótt hægt gangi stundum. Segja þeir framtíð jarðar okkar velta mjög á því, að takast megi að koma hinum bjargandi sannleika fram, þ.e. að bæta svo samböndin við lengra komnar verur á öðrum hnöttum, að aukin lífmagnan nái að koma hér fram, svo unt verði að breyta um frá helstefnu þeirri, sem hér ríkir, til lífstefnu.

Okkur Nýalssinum er ljóst, að þetta er verk, sem vinna verður, en okkur er einnig ljóst, að til þess þarf mikinn samhug og góðvilja margra manna.

2. Stjórnusambandsstöðin: Eins og öllum félagsmönnum er kunnugt, var hafin bygging stjörnusambandsstöðvar á árinu 1968 samkvæmt fundarsamþykkt 1. nóv. 1967. Var samið við eigendur lóðar á Álfrólsvægi 121 í Kópavogi, um að steypa upp húsið og skila því fókheldu. Höfðu þeir lokið því að mestu í lok júlímánaðar. En ýmislegt tilheyrandi var eftir og stóð lengi á frágangi þess. Þann 27. september tókum við formlega við byggingunni í okkar hendur, og greiddum síðustu eftirstöðvar kostnaðar við bygginguna fókhelda. Síðan hafa ýmsar tafir orðið á frekari framkvæmdum, svo að þær eru ekki eins langt komnar og við hefðum óskað eftir. Þá er búið að leggja miðstöð og nokkuð byrjað á múrverki innan húss.

3. Félagshúsnæðið að Laugavegi 24. Nú hefur okkur borist uppsögn á húsnæði því, sem við höfum haft á leigu á Laugavegi 24. Verðum við að rýma það 14. maí n.k. Er því afar áriðandi að hið nýja húsnæði að Álfrólsvægi 121, verði komið í not hæft ástand fyrir þann tíma, því afleitt er að þurfa að láta tilraunafundi falla niður.

4. Fjáröfnun. Með síðasta félagsblaði, nr. 25, sendi stjórnin út bréf til allra félagsmanna, þar sem heitið er á þá til stuðnings við byggingu stjörnusambandsstöðvarinnar. Eru þeir þar einnig hvattir til að afla stuðnings manna eða styrktarfélaga. Fyrir ári síðan var slík beiðni send öllum félagsmönnum, og bar hún góðan árangur. Allmargir gerðust ævifélagar gegn 3000 króna gjaldi, og ýmsir aðrir lögðu fram fé eftir efnum og ástæðum. Erum við þakklátir öllum sem lagt hafa málefnið lið á einn eða annan hátt. Vonumst við eftir að svo megi einnig verða nú. Er og nú enn meira áriðandi en áður, að vel takist til með fjárramlög, svo unnt verði að koma byggingunni sem lengst áfram, áður en við verðum að rýma það húsnæði, sem við höfum haft til umráða undanfarin ár.

5. Á árinu 1968 kom Félagssinna Nýalssinna út alls 5 sinnum, og er það sjaldnar en til var ætlast í ársbyrjun. Hefur því valdið m.a. tafir hjá fjölprentuninni pappírslæysi o.fl.

6. Nokkur eintök hafa á árinu komið út af enska blaðinu Interstellar Communication, Stjörnusambönd, sem ritstýrt er af

Þorsteini Guðjónssyni. Hefur það verið sent til margra mennta-
manna og stofnana í ýmsum löndum, og hefur Þorsteinn haldið
uppi bréfasamböndum um þessi mál við fjölda menntamanna í
mörgum löndum.

7. Kynning í Bifröst. Þann 13. marz var haldin kynning
á kenningum Dr. Helga Pjeturss. Hafði Þorsteinn Jónsson á
Úlfsstöðum verið beðinn að halda þar erindi, og kynna kenningar
Nýals. Hélt hann þar aðalerindið. Í þessari kynningu tóku einnig
þátt einn af kennurum Reykholtsskóla, og nokkrir félagar, sem
komu úr Reykjavík. Áhugi nemenda virtist vera mikill, og varð
Þorsteinn að svara mörgum fyrirspurnum þeirra, að erindi sínu
loknu. Má segja að kynning þessi hafi tekist vel, eins og á fyrri
kynningarkvöldum í Bifröst.

8. Ferðalög. Undantarin ár hafa nokkrir félagar tekið sig
saman um að fara upp í Borgarfjörð og heimsækja Þorstein Jóns-
son á Úlfsstöðum. Svo var einnig á þessu ári. Þann 26. október
fórum við saman 6 Nýalssinnar og gistum að Úlfsstöðum eina
nótt. Var haldinn þar miðilsfundur, sem tókst allvel.

Ekki var farið sameiginlega í önnur ferðalög á árinu.

Eins og sjá má af þessu stutta yfirliti, hefur verið reynt að
gera sitthvað á vegum félags okkar til framdráttar því málefni,
sem við öll berjumst fyrir. En eftir er að sjá hversu tekst til með
framhaldið. Kemur þar til greina hvernig á málum verður haldið
af hálfu stjórnarinnar og hvernig undirtektir verða og stuðningur
af hálfu félaga okkar og annara velunnara málefnisins.

Ingvar Agnarsson,

(Flutt á aðalfundi félagsins 5. febrúar 1969, að Hverfisgötu 21.)

FUNDARGERÐ.

Félag Nýalssinna hélt fund miðvikudaginn 4. des., á Laugavegi
24, og setti formaður fundinn. Karl Vernharðsson las úr En-
nýal greinina Bláa bréfið, en Þorsteinn Guðjónsson las grein
sem hann hafði þýtt og nefndist hún: Ratvísi kattarins. Sagði
hann þar frá ketti nokkrum stórmerkilegum í Ameríku, sem
rataði til fyrri eigenda sinna og það þótt vegalengdin sem hann
varð að fara væri um 1600 km í beina stefnu.

Halldór Halldórsson og Bergsteinn Jónsson töldu að hér mundi vera um sams konar ratvísi að ræða eða skylda og kæmi fram hjá öðrum dýrategundum, svo sem fuglum og fiskum. Aðrir nefndu eðlisávísun, en Þ.G. taldi það ekki nægja til skýringar, og yrði að gera ráð fyrir sambandi við æðra vit, eins og dr. Helgi Pjeturss hefði gert.

Formaður sagði frá símtali sínu nýlega við Pétur Gíslason á Eyrarbakka. Bókasafn bæjarins er í húsi Péturs og er hann þar bókaforstjóri. Sagði Pétur, að sér hefði tekizt að fá unglinga til að kynna sér Nýala og væri hann að sýna þeim fram á samræmið í kenningunni og samræmi hennar við önnur náttúruvísindi. Þetta líkaði mönnum vel að heyra og töldu vel farið að ungt fólk færi að gefa þessu máli gaum. Páll Steinarsson sem er við nám í menntaskóla, sagðist hafa orðið var við að sumir þar teldu kenningar Nýals ekki vísindalegar, og kom þá einnig fram, að margir teldu það eitt vísindalegt, sem hægt væri að koma mælitækjum við. Þorsteinn taldi að andstaðan gegn þessum skilningi væri ekki vísindaleg eða af vísindalegum rökum spröttin, en hvað það snerti að koma við mælingum, þá hefði verið gerð tilraun á tvíburum nokkrum í Ameríku, sem talið var að hefðu fjarhrifasamband. Línurit var tekið af rafmagnshreyfingum heilans í báðum, og kom þá í ljós að þegar skynáhrif verkuðu á annan tvíburann, kom það fram í rafmagnshreyfingunum hjá hinum. Þannig að þær fylgdust að hjá báðum, og er þetta allt í nánasta samræmi við það sem vænta mátti út frá kenningu Nýals.

Bergsteinn Jónsson sagði frá miðilsfundi sem tengdafaðir hans, Kristján á Krossi í Eyjafirði átti með Láru miðli fyrir 2-3 árum, og féll hún þar í djúpan svefn. En í stað skyggnilýsinga, sem áttu upphaflega að vera efni fundarins, kom nú fram rödd ungrar stúlku með efni og lýsingar á umhverfi framliðinna, sem ekki hafði heyrzt áður, og var þar jafnvel tekið fram að þetta væri á öðrum hnötti.

Talað var um byggingamál, og lét Sigurður þess getið að þeim Ingvari hefði nú tekizt að ná saman 200.000,- kr. sem þeir ætluðu að leggja félaginu til sem lán til byggingarinnar. Þótti öllum þetta vel gert og mikillar þakkar vert. Tveir nýir félagar voru samþykktir: Jóhanna Erlingsson, Karfavogi 56, R. og Karl Vernharðsson, Hátúni 6, R.

EFTIRMÆLI.

Eftirmæli er venjulega kallað, þegar raktar eru einhverjar minningar um nýlega látinn mann, og eru það að vísu ekki nærri allir, sem slík eftirmæli fá. En þar sem ég einu sinni byrjaði á að skrifa svona eftirmæli um eitt hefti félagsblaðsins, þá mun mér hafa fundizt sama ástæða til slíks varðandi hið næsta, og hefir þetta þannig orðið að venju. Og um síðasta hefti, það

25., gæti ég líka haft ýmislegt að segja, og skal þó fátt talið, eða aðeins tvenn. Annað er grein Þ. G., Íslenzk fræði og erlend, því að þar er á sérstaklega ljósan hátt gerð grein fyrir því, sem tafið hefir fyrir framgangi hinna nýölsku sanninda. Hitt er draumur Ingvars, því að hann sýnir svo vel þetta lög-mál, sem einkum mun þó njóta sín á hinum góðu stöðum, að því meiri sem sú byrði er, sem einhver tekur á sig til þess að gleðja aðra, því meiri verður geta hans. Minnir þessi draumur á tilbúna sögu af því, að engill var sendur af himni ofan til þess að sækja glataða sál niður til helvítis, og fór þar þó mjög á annan veg en í draumnum hjá Ingvari. Tókst þessi ferð engils-ins vel í fyrstu, og flaug hann allgreiðlega upp með hina glötuðu sál og það þótt nokkrum öðrum glötuðum sálum hefði tekizt að fljóta þar með. En þegar hin glataða sál, sem sérstaklega var verið að sækja, fór að slíta af sér sína líka, þá tók hún að þyngjast og það svo mjög eftir að hafa slitnið af sér hina síðustu, að engillinn orkaði ekki að lyfta henni hærra, heldur varð að láta hana síga niður aftur, og er þetta öfugt og þó í samræmi við það, sem Ingvari þótti verða, þegar krakkarnir voru flestir, sem hann bar uppi á fluginu. Og nú ætla ég að víkja að því, sem ráðið getur úrslitum um, hvort hér verða eða verða ekki bráð-lega eftirmæli um dáið blað. Hið umrædda hefti sýnir það auð- vitað bezt sjálft, hvað það hefir að geyma eins og líka hver lát- inn maður mun gera í framlífi sínu, hvort sem hans var hér minnst eða ekki. En hins kann að vera nauðsyn að geta, að til þess að blaðið geti haldið áfram að koma út, þarf þátttaka félagsmanna í að senda því efni að verða meiri en er. Eg hefi áður talað um hve það að koma orðum að hugsunum sínum á þann hátt, sem gert er við samningu ritgerðar, megi verða til aukinnar glöggvunar og skilnings á viðfangsefninu. En þar getur einnig annað komið til greina. Því fleiri sem þeir yrðu, sem þannig hugsuðu um og útfrá hinni íslenzku heimspeki, því meiri líkur verða til þess, að hinu rétta verði hér á einum eða öðrum stað komið fram að handan. Réttar og öflugar hugleiðingar sem flestra hér skapa skilyrði fyrir tilkomu leiðréttinga frá hinum lengra komnu. Og enn vil ég hér minna á skilyrði þau til sam- banda og sambandsfyrirbæra, sem veitast mun, þegar hinum fyrsta vísi til stjörnusambandsstöðvar verður hér lokið.

Þ. J.

LÖG FÉLAGS NÝALSSINNA.

1. gr.

Félagið heitir "Félag Nýalssinna", og er heimili þess og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að afla viðurkenningar á uppgötvun dr. Helga Pjeturss á lífsambandinu milli stjarnanna.

3. gr.

Innganga í félagið er öllum heimil, sem vinna vilja að markmiði þess. Inntöku-
beiðni skal vera skrifleg og sendist stjórn félagsins, er síðar leggur beiðnina fyrir
félagsfund. Þegar félagsfundur hefur samþykkt inntökubeiðnina, er umsækjandi
orðinn löglegur félagi.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa sex menn: formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og
tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Einnig
skal kjósa tvo endurskoðendur. Kosning skal vera munnleg, en þó skrifleg ef ein-
hver æskir þess. Stjórnin fer með framkvæmdavald félagsins, en að öðru leyti
skiptir hún með sér verkum.

5. gr.

Félagsfundir geta kosið nefndir til að framkvæma ýmsar greinar félagsstarfseminnar.
Lúta þá þessar nefndir stjórn félagsins.

6. gr.

Félagsfundir hafa æðsta vald í málefnum félagsins. Allar samþykktir félagsfunda
þurfa að hljóta tvo þriðju hluta atkvæða til þess að teljast gildar. Fundi skal
halda þegar stjórn félagsins telur ástæðu til, þó skal hún boða til fundar, ef
fimm félagsmenn krefjast þess. Aðalfund skal halda fyrir 1. apríl ár hvert, og
skal boða til hans skriflega og með dagskrá, með hálfsmánaðar fyrirvara. Hann
er lögmætur, ef löglega er boðað til hans, án tillits til fundarsóknar.

7. gr.

Félagsmenn greiða árlega kr. 300,- í félagssjóð og er það lágmarksgjald. Gjald-
dagi félagsins er 3. janúar ár hvert. Auk þess aflar félagið sér fjár með frjálsum
framlögum félagsmanna og annarra sem styrkja vilja starfsemi þess.

8. gr.

Stjórnin annast um að reikningskil séu gerð árlega, og skulu þau miðast við
almanaksárið. Aðalfundur kýs 2 endurskoðendur, og skulu þeir yfirfara reikningana
og gera athugasemdir við þá. Stjórnin leggur síðan reikningana ásamt athuga-
semdum endurskoðenda fyrir aðalfund.

9. gr.

Sé félaginu slitið eða það leggst niður, skulu eignir þess afhendast Háskóla Íslands
til varðveislu, unz stofnað hefur verið félag með sömu stefnuskrá og þetta félag
hefur (sbr. 2 gr.).

10. gr.

Lögum félagsins verður ekki breytt nema á aðalfundi, og þarf til þess samþykki
tveggja þriðju hluta atkvæðisbærra fundarmanna.